



Alþingi
Erindi nr. P 138/2261
komudagur 14.5.2010

Djúpavogi 14. maí 2010

Nefndasvið Alþingis: Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2009-2012
Athugasemdir frá sveitarstjórn Djúpavogshrepps

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps vill ítreka að gefnu tilefni að stjórnvöld gáfu yfirlýsingu í kjölfar þorskaflaskerðingar um bjóða skyldi út nýframkvæmd á vegi um Öxi haustið 2009. Þrátt fyrir að unnið hafi verið að hönnunarpáttum þessa verkefnis á síðustu þremur árum virðist framkvæmdinni um Öxi hins vegar ekki vera fundinn staður nýrri samgönguáætlun með neinum hætti. Sveitarstjórnin lítur svo á að það megi brjóta verkefnið upp og áfangaskipta framkvæmdinni í ljósi þess samdráttar sem orðið hefur í hagkerfinu. Það að ekki heldur sé gert ráð fyrir áframhaldandi vinnu við botn Skriðdals sem er órjúfanlegur hluti af Axarvegi, í framhaldi af núverandi framkvæmd þar er sömuleiðis með öllu óásættanlegt.

Það ætti ekki að þurfa að skýra út hve framkvæmdin vegna Axarvegur er borðleggjandi hagkvæm, en til að skerpa frekar á áherslum okkar skal því haldið á lofti að hér er um fjölþætta mannaflisfreka samgönguframkvæmd að ræða sem borgar sig auk þess fljótt og vel svo sem sýnt hefur verið fram á.

Síðast en ekki síst ætti ekki að þurfa að halda því einu sinni enn til haga að Axarvegur stytir akstursleiðina milli Suð-Austurlands og miðsvæðis Austurlands um 71 km. Sú staðreynd ein og sér ætti að vera framkvæmdavaldinu ærið umhugsunarefni nú þegar eldsneytisverð og annar tilfallandi kostnaður við rekstur almennra ökutækja, flutningabifreiða rís skýjum ofar, sem eykur erfiðleika atvinnustarfsemi á landsbyggðinni svo mjög að flutningsgjöld eru að slíga mörg fyrirtæki á svæðinu.

Ef niðurstaðan verður sú, sem lesa má út úr drögum að nýrri samgönguáætlun, mun hún draga til muna úr áhuga sveitarstjórnarmanna í Djúpavogshreppi á komandi kjörtímabili að koma að frekari hugmyndum, sem nú eru uppi varðandi sameiningarmál á Austurlandi. Minnt er á að kostnaður sveitarfélagsins og íbúa þess vegna lokunar Axarvegur í vetur hleypur á milljónum króna. Ef ekkert verður að gert varðandi Axarveg, stefnir allt í að sveitarstjórnarmenn á svæðinu muni ekki geta tekið eðlilegan þátt í samstarfsverkefnum á sveitarfélagastiginu með óbreyttu sniði um ókomin ár vegna nauðsynlegs niðurskurðar hjá sveitarfélaginu Djúpavogshreppi.

Þess er því farið á leit við samgöngunefnd Alþingis að hún endurskoði afstöðu sína gagnvart Axarvegi og setji þá framkvæmd með einum eða öðrum hætti inn í tillögur sínar um samgönguáætlun 2009 – 2012. Við hljótum að minna á loforðaflauminn í aðdragenda nýlega afstaðinna stórfamkvæmda á Austurlandi, en þá töluðu þingmenn hátt og skýrt og allt sveitarstjórnarstigið á Austurlandi um að þegar framkvæmdum á miðsvæði Austurlands yrði lokið, myndu menn snúa sér af fullum krafti í að bæta samgöngur til jaðarsvæðanna. Innihald nýrrar samgönguáætlunar gerir hins vegar ekki ráð fyrir slíkum efndum af neinu tagi til handa íbúum Djúpavogshrepps sem allra lengst hafa beðið og sýnt ótrúlegt langlundargeð í þessum efnum og er því hér með harðlega mótmælt.

Virðingarfyllt;

Andrés Skúlason
Oddviti Djúpavogshrepps

Djúpavogshreppur

Helmiþvang
Bakkí 1
765 Djúpavogur

Sími
478 8288

Bréðafími
478 8188

Netfang
sveitarstjofri@djuaplvogur.is

Vefsíða
djuaplvogur.is

Kennitala
570992-2799